

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 21. apríl 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Steinþór Darri Þorsteinsson og Magnús Smári Smárason. Fulltrúar SNS voru: Harpa Ólafsdóttir, Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Verkefni samstarfsnefndar á gildandi samningstímabili

Í gildandi kjarasamningi aðila liggja fyrir ýmis verkefni sem samningsaðilar munu vinna sameiginlega að á yfirstandandi samningstímabili.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin fór sameiginlega yfir verkefnin og skipulagði samvinnu og forgangsröð nefndarinnar við úrvinnslu þeirra.

2. Fundir samstarfsnefndar

Samstarfsnefndin var sammála um að ákveða fasta fundi í nefndinni meðan verið er að vinna niður sameiginlegan verkefnalista.

Niðurstaða:

Ákveðið var að næstu fundir samstarfsnefndar verði haldnir þriðjudagana 12. og 26. maí og 9. júní, kl. 9:00.

3. Önnur mál

Meðan kjaraviðræður aðila voru í gangi lá starfsemi samstarfsnefndar niðri. Á þeim tíma hafa safnast upp erindi til afgreiðslu.

Niðurstaða:

LSS kynnti málin í nefndinni og verða þau formlega tekin fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki gert.